



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skráargatið, 22. mál.**

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins telja óljóst hvort notkun svokallaðra hollustumerkja, eins og skráargatsins, skili árangri til að bæta mataræði og hafa áhrif á líkamsþyngd landsmanna.

Samtökin eru fylgjandi því að almenningur fái vandaðar upplýsingar um mataræði og hreyfingu þar sem lögð er áhersla á fjölbreytni, hófsemi og reglusemi. Samfelld og fordómalaus upplýsingagjöf um mataræði er besta leiðin til að upplýsa neytendur.

Engu að síður telja Samtökin að notkun hollustumerkis geti verið ein leið til að hvetja fólk til að velja hollari vöru innan tiltekins fæðuflokks.

Samtökin telja að ekki sé hægt að flokka einstakar vörur í góðar og slæmar eingöngu út frá næringarinnihaldi, heldur beri að skoða mataræði í víðara samhengi. Því eru Samtökin andvíg því að útiloka suma matvælaflokka frá notkun skráargatsins. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er talið að merkið auðveldi neytendum að velja hollt mataræði á einfaldan hátt. Þessu eru samtökin ekki sammála þar sem merkið er einungis hægt að nota á einstakar afurðir, án tillits til þess í hvaða samhengi þeirra er neytt og aðeins á suma vöruflokka. Til að merkið komi að fullu gagni þarf að vera hægt að nota það á alla matvælaflokka.

Danir og Norðmenn tóku nýlega skráargatið upp sem opinbert hollustumerki og hafa stjórnvöld þessara landa lagt mikið fé til þess að kynna merkið og fyrir hvað það stendur. Verði skráargatið tekið upp sem opinbert hollustumerki hér á landi er mjög mikilvægt að það verði vel kynnt þannig að neytendur átti sig á að merkið gefur einungis vísbendingu um hollustu hvernar vöru í samanburði við aðrar vörur innan sama vöruflokks en gefur á engan hátt upplýsingar um samsetningu mataræðisins í heild. Til þess eru of margir matvælaflokkar útilokaðir frá notkun þess.

Framleiðendur í Noregi og Danmörku hafa brugðist við skráargatinu á þann hátt að margar skráargatsmerktar vörur hafa komið á markaðinn. Vart hefur orðið við vaxandi áhuga íslenskra framleiðenda fyrir notkun merkisins á undanförunum mánuðum. Samtökin telja mikilvægt að þeim fyrirtækjum sem óska eftir að nota skráargatið sé gert það kleift með stuðningi stjórnvalda.

Kröfur um innihald vara, sem fá að nota skráargatsmerkið, eru í grunnin sænskar en voru að einhverju leyti aðlagðar þörfum Dana og Norðmanna þegar þær þjóðir tóku það upp. Ljóst er að neysluvenjur og vöruframboð er að mörgu leyti ólíkt á Norðurlöndum. Nú liggur fyrir að kröfurnar verða endurskoðaðar og m.a. annars hafa komið fram óskir um að það nái til fleiri matvælaflokka en nú. Samtökin hvetja íslensk stjórnvöld til að taka

þátt í því samstarfi og beita sér fyrir því að skilgreindar verði kröfur fyrir sem flesta matvælaflokka og að fram fari öflug kynning á því að skráargatið merki góða vöru innan tiltekins flokks.

Mikilvægt er að koma í kring að merkið einskorðist ekki við forpakkaðar vörur, heldur megi einnig nota til að merkja vörur sem seldar eru beint yfir borðið eins og t.d. brauð í handverksbakaríum. Þá telja Samtökin að kröfur til fituinnihalds í kjötvörum séu of strangar til að geta talist raunhæfar.

**Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins telja að skráargatið komi því aðeins að raunverulegu gagni að það megi nota til að velja vörur innan allra matvælaflokka, sem tilheyra venjulegu íslensku fæði, þ.m.t. kjötvörur, drykkjarvörur, bökunarvörur og sælgæti.**

Virðingarfyllst,

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Pétur Reimarsson,  
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Ragnheiður Héðinsdóttir,  
forstöðumaður matvælasviðs